

**Sp.**

**212. Tillaga til þingsályktunar**

[115. mál]

um samstarf Íslands við ríkisstjórnir annarra landa gegn alþjóðlegum einokunarauðhringum.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita samstarfs við ríkisstjórn Noregs og aðrar ríkisstjórnir, sem kynnu að vilja koma á samvinnu sín á milli til þess að tryggja, að þjóðir geti framkvæmt stefnu sína án þess að vera knúðar til að breyta henni vegna áhrifavalds alþjóðlegra auðhringa. Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að láta fulltrúa sína hjá Sameinuðu þjóðunum vekja máls á nauðsyn þess að tryggja frelsi og sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna gagnvart slíkum einokunarhringum.

**Greinargerð.**

Það gerðist nýlega í Noregi, að norska ríkisstjórnin sá sig til knúða að selja helming hlutabréfa í ríkisfyrirtækinu A/S Årdal og Sunndal Værk, en það er verksmiðja, sem vinnur alúmin úr alúminoxyd. Kaupandinn er hinn alþjóðlegi alúminhringur Alcan, sem staðsettur er í Kanada, en er eign bandaríska einokunarhringsins Alcoa. Áður hafði ríkisverksmiðjan norska samning við einokunarhringinn um að kaupa af honum alúminoxyd og borga í unnu alúmini. En hringurinn ræður bæði hráefnisuppsprettunum (bauxit-námunum, mestmegnis í Guiana og Surinam) og verðinu á fullunnu alúmini. Setti hringurinn nú norsku ríkisstjórninni stólinn fyrir dyrnar og knúði hana til þess að selja sér helming þessa þjóðarfyrirtækis. Gat hann í krafti einokunarvalds síns svinbeygt norska ríkisþingið, þótt því væri hins vegar lýst yfir í ræðum, að þetta væri neyðarúrræði.

Athurður eins og þessi sýnir, hve gersamlega óþolandi það er að láta einokunarhringa nokkurra auðjöfra vaða þannig uppi og setja þjóðþingum kosti í krafti einokunarvalds síns í atvinnulífi. Það er enginn eðlismunur á kúgunaraðferð slíkra auðhringa og hinu, að sjóræningjahópur eða herforingjaklíka setji ríkisstjórn kosti og knúi hana til að breyta að vilja sínum.

Lýðræði er aðeins „rómantískur óskadraumur“, á meðan þjóðþing og ríkisstjórnir eru knúðar til að víkja frá vilja þjóðarinnar vegna ofríkis einokunarhringa.

Þar sem verið er nú að hleypa erlendum auðhringum inn í íslenskt atvinnulíf og t. d. tengja skatta samkvæmt íslenskum lögum við það verð á alúmini, sem ameríski einokunarhringurinn ákveður, og það áratugi fram í tímann, þá er auðséð, að hér er á ferðinni mál, sem varðar mjög þjóðarhagsmuni og þjóðlegt sjálfstæði Íslendinga. Yrði t. d. alúminverksmiðjan í Straumsvík þjóðnýtt, eins og ríkisstjórnin hefur viðurkennt að komi til mála, ef nauðsyn krefði, þá gætu Íslendingar hæglega

komizt í svipaða aðstöðu og Norðmenn voru nú í. Það er því nauðsyn að gera ráðstafanir til þess að tryggja sem best sjálfsákvörðunarrétt hvernar þjóðar í þessum efnum. Sár reynsla Norðmanna sýnir, að til þess þarf hvorki meira né minna en alþjóðlegt samstarf og samheldni þeirra ríkisstjórna, er meta sjálfsákvörðunarrétt þjóða sinna og álíta hann helgari en ofurvald alþjóðlegra einokunarhringa. Er og rétt, að þetta mál sé rætt á þingi Sameinuðu þjóðanna og að Ísland hafi um það frumkvæði, — og vissulega munu þar margar þjóðir, er þetta skilja, einkum þær, sem lengi hafa búið við stjórnarfarslega yfirdrottun erlendra auðhringa auk efnahagslegs yfiringangs þeirra.

Íslendingar og Norðmenn kynntust forðum yfiringangi einokunarkaupmanna, bæði frá Hansastöðunum, Höfn og víðar. Slikur yfiringangur og einokun er eigi betri nú, þótt hann sé amerískur og eigi löghelgaður, en framinn í krafti peningavalds og einokunaraðstöðu á heimsmarkaði. Það gefur nokkra hugmynd um vald þessara alúminhringa amerísku, að Alcoa á 1743 millj. dollara í eignum og hefur 48 þús. verkamenn í sinni þjónustu 1965, en Alcan á 1521 millj. dollara eignir og hefur 60 þús. verkamenn í sinni þjónustu.

Að visu vantar ekki einokunaraðhringa nútímans málsvara, sem jafnvel dirfast að tala í nafni „frelsis“ og „lýðræðis“. Jafnvel í ritstjórnargrein höfuðmálgagns íslensku ríkisstjórnarinnar, Morgunblaðsins 27. jan., er heitið á menn í nafni „heilbrigðrar skynsemi“, — meint er undirgefni og auðmýkt við framandi auðvald, — að setta sig við og beygja sig fyrir hinu erlenda einokunarvaldi, en láta ekki „tilfinningarnar“ ráða — og mun þar átt við sjálfsákvörðunarrétt þjóðar, lýðræði hennar, sjálfstæði og þjóðarmetnað.

Þegar alþjóðlegir einokunarhringar eiga slíka málsvara hér, áður en þeir eru byrjaðir að festa fé sitt í fyrirtækjum á Íslandi, má geta nærri, hvernig það muni verða, þegar svissneski alúmin-hringurinn er orðinn ríkasti atvinnurekandi á Íslandi, eigandi þriðjungs alls iðnaðarfjármagns á landinu.

Það er því hin brýnasta nauðsyn jafnt vegna þjóðarhagsmuna Íslendinga í framtíðinni sem vegna viðgangs lýðræðis í heiminum, að reynt sé að finna ráðstafanir til þess að hnekkja yfiringangi alþjóðlegra auðhringa og koma í veg fyrir, að þeir knýi ríkisstjórnir og heilar þjóðir til að lúta vilja sínum. Slíkt er jafnsjálfsagt alþjóðamál og að hnekkja sjóránnum, stöðva alþjóðlega eiturlyfjasölu og eltast við alþjóðlega glæpahringa.

Tillaga þessi er flutt til þess, að ríkisstjórn Íslands taki frumkvæði í þessum málum. Verður nánari grein gerð í framsögu.